

Ed. 629. Brevtingartillögur [23. mál]

heilbrigðismálaráðherra skipar, og skal hann taka laun samkv. V. launaflokki launalaga. — Sérfræðingur þessi er hér eftir í lögum þessum nefndur yfirlæknir.

Svo fljótt sem verða má skal ríkið reisa og reka gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má, að eigi sér sæmilegar batahorfur.

Á sama hátt skal ríkið reisa og reka dvalarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má, að þarfnist vistar og umönnunar í slíku hæli í langan tíma.

Eftir athugun yfirlæknis skal áfengissjúklingum, að svo miklu leyti sem við verður komið, ráðstafað í gæzluvist á þeim hælum, sem fyrir hendi eru, og skipt á hælín eftir því, hvers eðlis drykkjusýki þeirra er og hversu þeir eiga saman. Á sama hátt ráðstafar yfirlæknir slíkum sjúklingum þeim til viðréttingar í gæzluvist á völdum einkaheimilum, eftir því sem á hverjum tíma telst henta. Yfirlæknir, eða aðrir læknar í umboði hans, skulu hafa á hendi læknis-
eftirlit með sjúklingum, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist samkv. ákvæðum þessarar greinar. Sérstakt eftirlit skal haft með aðbúnaði, atlæti, líðan og framferði sjúklinga, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist á einkaheimilum, og ræður yfirlæknir til þess ármenn eða árkonur eftir þörfum.

3. Við 10. gr. Orðin „geðveikrahælis á Kleppi“ í annarri málsgrein falli niður.
4. Við 11. gr. Orðin „geðveikrahælisins á Kleppi“ falli niður.
5. Við 12. gr. Aftan við greinina bætist: allt að tvö þúsund krónum.
6. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Kostnaður við stofnun og rekstur hæla þeirra, sem um getur í 8. gr., skal greiddur af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins, að svo miklu leyti sem hann greiðist ekki af aðilum sjálfum, sbr. 13. gr.

7. Orðin „III. kafli“ og „Sjóðstofnun“ falli niður. IV. kafli verði III. kafli.

----- með sjúklingum, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist samkv. ákvæðum þessarar greinar. Sérstakt eftirlit skal haft með aðbúnaði, atlæti, líðan og framferði sjúklinga, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist á einkaheimilum, og ræður yfirlæknir til þess ármenn eða árkonur eftir þörfum.

3. Við 10. gr. Orðin „geðveikrahælis á Kleppi“ í annarri málsgrein falli niður.
4. Við 11. gr. Orðin „geðveikrahælisins á Kleppi“ falli niður.
5. Við 12. gr. Aftan við greinina bætist: allt að tvö þúsund krónum.
6. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Kostnaður við stofnun og rekstur hæla þeirra, sem um getur í 8. gr., skal greiddur af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins, að svo miklu leyti sem hann greiðist ekki af aðilum sjálfum, sbr. 13. gr.

7. Orðin „III. kafli“ og „Sjóðstofnun“ falli niður. IV. kafli verði III. kafli.